



U S T

Umhverfisstofnun

Alþingi - Umhverfisnefnd
Eva Margrét Ævarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. apríl 2004
Tilvísun: UST20040400062/áb

155.

Fjárhagslegt sjálfstæði Skaftafells, mál. nr. 135, beiðni um umsögn

Umhverfisstofnun varð til með lögum nr. 90/2002. Markmiðið var að sameina stofnanir sem unnu í skyldum málaflokkum til að auka faglegan styrk og stuðla að hagræðingu í stjórnslu. Með aðskilnaði er verið að kljúfa Umhverfisstofnun og stíga skrefið til baka og dreifa kröftum í málaflokknum.

Stefnan á undanförnum árum hefur verið að efla starfið á landsbyggðinni með ráðningu heilsársstarfsmanna í alla þjóðgarðana og það er sameiginlegur hagur allra að þjóðgarðarnir vaxi og þróist og að tengslin séu góð við heimamenn. Reynslan hafi sýnt að litlar rekstrareiningar eru veikburða og þurfa að nota mikinn tíma í stjórnun. Mikilvægt er að þjóðgarðarnir hafi stuðning í stærri stofnun sem jafnframt getur þá miðlað upplýsingum, stuðlað að starfsþróun með skiptistörfum og einnig tekið á sig sveiflur í fjármagni og mannahaldi.

Náttúruverndar- og útivistarsvið Umhverfisstofnunar er stærsta svið stofnunarinnar með 20 stöðugildi. Meirihluti starfsmanna sviðsins er á landsbyggðinni, 7 heilsársstarfsmenn (í fjórum landshlutum) og 7 stöðugildi í sumarstörfum (um 40 sumarstarfsmenn). Á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík eru 6 starfsmenn, faglegur bakhjarl þjóðgarðanna og sjá þeir um stjórnsluafgreiðslur, samræmingu fræðslumála, starfsmannamál og hafa umsjón með víðtæku sjálfbóðaliðastarfi fyrir þjóðgarðana. Auk þess vinna starfsmenn á skrifstofu að undirbúningi friðlýsinga, rekstri friðlýstra svæða, skráningu náttúruminja, náttúruverndaráætlun og umsögnum varðandi lífríkismál. Starfsemin nýtur sameiginlegrar þjónustu fjármálasviðs varðandi fjármál, símaþjónslu og ritarastörf. Þjóðgarðar í umsjón Umhverfisstofnunar eru þrír og önnur verndarsvæði eru áttatíu og fjögur. Mörg svæðanna eru meðal vinsælustu viðkomustaða þeirra fjölmörgu (320 þúsund á árinu 2004) erlendu ferðamanna sem til landsins koma. Í Skaftafell koma yfir 150 þúsund gestir á ári, yfir 100 þúsund í þjóðgarðinn Snæfellsjökul og í Jökulsárgljúfur. Að Gullfossi og Geysi koma yfir 200 þúsund gestir. Veruleg aukning hefur orðið á fjárveitingu til málaflokksins á undanförunum árum og margt gott hefur verið gert til að auðvelda móttöku gesta. Bætt aðstaða hefur kallað á aukna þjónustu, en fámenn sveitarfélög og fjárvana rekstraraðilar eru ekki tilbúnir til að taka yfir þá þjónustu. Umhverfisstofnun, Vegagerðin og Ferðamálaráð hafa í flestum tilfellum umsjón með uppbyggingu á aðstöðu og í mörgum tilfellum þurfa stofnanirnar einnig að standa fyrir rekstri.

Umhverfisstofnun telur afar brýnt að ekki verði um að ræða rekstrarlegan aðskilnað þjóðgarðsins í Skaftafelli frá öðrum rekstrareiningum stofnunarinnar. Það sem hamlað hefur vexti þjóðgarðanna er ekki skipulagsformið heldur einfaldlega að of litlir fjármunir eru til uppbyggingar og rekstrar.

Virðingarfyllt,


Árni Bragason


Davíð Egilson